Fiskistofa

Eyþór Björnsson fiskistofustjóri

Undirritaður fer þess hér með á leit að Fiskistofa kalli til baka auglýsingu um stöðvun strandveiða á svæði A, frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps sem birt var í Stjórnartíðindum 11. júlí sl.

Í auglýsingunni er tilkynnt að óheimilt verði að stunda strandveiðar á svæðinu frá og með 13. júlí til og með 31. júlí 2016.

Þar sem ljóst er að afli á svæðinu verður langt frá viðmiðunarmörkum í júlí að loknum veiðum í dag 12. júlí, óskar Landssamband smábátaeigenda að veiðar verði heimilaðar þann 13. júlí.

Myndir hér að neðan sýnir stöðu veiða á svæðinu að morgni 12. júlí. Mestur afli á dag í júlí eru 164 tonn og minnstur 100 tonn.

Svæði	útgefin leyfi	leyfi í notkun	júlí afli	júlí róðrar	afli pr. róður	afli pr. bátur	viðmiðun m.t.t. afla í júní	óveitt
A	242	240	745 tonn	1.007	740 kg	3,10 tonn	1014 tonn	269 tonn



Virðingarfyllst

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is

LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Hverfisgata 105, 101 Reykjavík
s. 552 7922 – fax. 562 6590
ls@smabatar.is - www.smabatar.is